

Lífsspeikifélag Akureyrar

2021/64

Lífsspeikifélagið er alþjóðleg hreyfing sem rannsakar heimspeki, lífsgildi, vísindi, listir og málefni andans. Félagið var upprunalega stofnað árið 1875 í New York og starfsemi hófst í Reykjavík 17. nóvember 1912 en Íslandsdeild Lífsspeikifélagsins var stofnuð árið 1921. Lífsspeikifélagið (hét áður Guðsspeikifélagið) var fyrsta félagið sem vakti athygli á austrænum viðhorfum á Vesturlöndum.

Það var líka fyrsta félagið sem hvatti til frjálsra rannsókna á dulrænum fræðum almennt, bæði austrænum og vestrænum.

Fyrsta stúkan, Reykjavíkurstúkan var stofnuð 1912 og stúkan á Akureyri árið 1913.

Reglulegt fundarstarf hefur verið í gangi á Akureyri yfir veturinn, hálfsmánaðarlega eða sjaldnar.

Félagið gefur út tímaritið Ganglera sem kemur út árlega og hefur komið út samfleytt frá árinu 1926.

Tilgangur félagsins er sá, að kynna stefnuskrá Lífsspeikifélagsins.

Stefnuskrá félagsins felur eftirfarandi atriði í sér:

1. Að móta kjarna úr allsherjar bræðralagi mannkynsins, án tillits til kynstofna, trúarskoðana, kynferðis, stétta eða hörundslitar.
2. Að hvetja menn til að leggja stund á samanburð trúarbragða, heimspeki og náttúruvísindi.
3. Að rannsaka óskilin náttúrulögmál og öfl þau, er leynast með mönnum.

Afhendingin barst frá Evu Sólveigu Úlfisdóttur. Einnig er til á safninu afhending nr. F-302 frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. nóvember 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2021 / 64

A - Lífsspeikifélag Akureyrar

A - Lífsspeikifélag Akureyrar

1932 - 1933

A	1	1	1932 - 1933	Meistaramir og vegurinn (þýtt handrit) ásamt fleiru. Safnað af Sigurgeiri Jónssyni
---	---	---	-------------	--